

Rýni Loftslagsráðs á stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar í loftlagsmálum

Loftslagsráð fagnar því að fyrsta stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar í loftlagsmálum sé komin út. Skýrslan er mikilvægur þáttur í eftirfylgni með aðgerðaáætluninni og í miðlun upplýsinga til hagaðila og almennings um mat á árangri. Þessi fyrsta stöðuskýrsla sýnir þó ekki hversu nálægt loftslagsmarkmiðum sínum Ísland er. Eftirfylgni með áætluninni er ófullnægjandi að mati ráðsins. Óheppilegt er að ekki sé búið að fastsetja hver hlutdeild Íslands er í upp færðu markmiði ESB, Noregs og Íslands um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta dregur úr gildi stöðuskýrslunnar þar sem töluleg markmið sem tilgreind eru í skýrslunni munu taka breytingum. Mikill fjöldi aðgerða er enn í mótun og ekki er ljóst hvenær þær komast á framkvæmdastig.

Loftslagsráð vill koma eftirfarandi tillögum á framfæri við ráðherranefnd um loftlagsmál um hvernig megi gera aðgerðaáætlunina að virkara stjórnækki:

- Eftirfylgni með aðgerðaáætluninni þarf að verða mun markvissari. Auka þarf gagnsæi um framkvæmd og ráðstöfun fjármuna, efla þarf miðlun og taka upp heildstæðari nálgun við árangursmat. Greining á væntum árangri lá fyrir í sumum tilfellum í upphafi en slíkar greiningar þurfa nú að verða virkur hluti af framkvæmdinni með stöðugri endurskoðun á forsendum og beinum tengingum árangursmælikvarða við samdrátt í losun.
- Stöðuskýrslur þurfa að fela í sér heildarmat á því hversu hratt miðar í átt að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Byggja þarf slíkt árangursmat á viðurkenndri aðferðafræði og taka mið af reynslu annarra þjóða.
- Við endurskoðun áætlunarinnar árið 2020 voru skilgreindir árangursmælikvarðar fyrir hverja aðgerð. Þessir árangursmælikvarðar eru grunnur stöðuskýrslunnar en hafa ekki verið tengdir við greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Mælikvarðarnir þurfa að hafa skýra tengingu við raunlosun gróðurhúsalofttegunda. Einnig þarf að setja markmið fyrir mælikvarðana sem byggja á raunverulegum samdrætti í losun. Svo dæmi sé tekið þá hafa orkuskipti í samgöngum þann tilgang að skipta mengandi orkugjöfum út fyrir hreina orkugjafa og því þurfa upplýsingar um samsetningu bílaflotans að vera beintengdar við losunartölur. Þá þarf að endurskoða árangursmælikvarða reglulega og huga betur að miðlun og sýna árangur yfir tiltekið tímabil í samanburði við væntingar. Bæta mætti upplýsingagjöf t.d. með því að setja upp í stafrænt mælaborð loftlagsmála¹.
- Tengja þyrfti stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar við reglulegar skýrslur sem Umhverfisstofnun vinnur fyrir Íslands hönd um stefnur og aðgerðir og framreiknaða losun Íslands (e. Report on Policies and Measures and Projections, PAM), svo betur megi greina hvernig fyrri áætlanir hafi staðist og til að skýra heildarstefnumótun, áætlanagerð og greiningarvinnu hins opinbera í

¹ Sjá aðferðafræði í [nýútgefnu mælaborði landbúnaðarins](#), [mælaborði ferðabjónustunnar](#) og [mælaborð lýðheilsu](#)

loftlagsmálum. Þá er mikilvægt að efla getu og umboð opinberra stofnana og samstarf í greiningarvinnu, t.a.m. við PAM greiningu Umhverfisstofnunar og við þróun orkuspár.

- Stýringu og stjórnáætlunarfærni þarf að styrkja. Skipa þyrfti framkvæmdastjórn yfir áætluninni sem bæri ábyrgð á framkvæmd hennar. Slíka framkvæmdastjórn ætti að skipa lykilstjórnendum þeirra ráðuneyta og stofnana sem koma að framkvæmdinni og gefa þarfi þeirri framkvæmdastjórn ráðstöfunarvald yfir fjármunum. Tilgreina þarf nánar hverjir eru ábyrgðaraðilar hverrar aðgerðar, ekki eingöngu undir hvaða ráðuneyti aðgerðin fellur, sem og að tilgreina helstu haghafa, samstarfsaðila og stofnanir sem að framkvæmdinni koma og skýra hlutverk hvers og eins. Skýra þarf hvernig bregðast eigi við og hver beri ábyrgð á umbótum ef í stöðuskýrslu kemur í ljós að aðgerðir séu ekki að skila nægjanlegum árangri.
- Loftlagsráð fagnar því að hafin sé vinna við kostnaðar- og nytjagreiningu aðgerðaáætlunarinnar auk greiningar á réttlætissjónarmiðum, en slíkt er forsenda þess að aðgerðirnar skili sem mestum árangri á sem skilvirkastan hátt.
- Í stöðuskýrslu ættu að koma fram upplýsingar um tekjur og kostnað við hverja aðgerð auk verk- og kostnaðaráætlunar aðgerða næsta árs svo forgangsröðun hins opinbera komi skýrt fram.

Þessi fyrsta stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar felur í sér framför í stjórnáætlun loftlagsmála á Íslandi en betur má ef duga skal. Loftlagsráð hvetur ráðherranefnd um loftlagsmál til að taka tillögur ráðsins til skoðunar og að nýta það tækifæri sem útgáfa stöðuskýrslunnar skapar til að blása nú til sóknar og virkja þann samtakamátt sem til staðar er í samfélaginu.